

5. Ragnari Jónssyni 25.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 177/1979. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Birni Jónatan Emilssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði óskaði eftir, að héraðsdómi yrði skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Samkvæmt endurriti af ávísanareikningi ákærða nr. 16245 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, var engin innstæða til fyrir fjárhæðum tékka þeirra, er greinir í 1.—6. tölulið ákæru, hvorki er þeir voru gefnir út né er þeim var framvísað. Bera þeir allir áritun banka um greiðslufall.

Útgáfa ákærða á tékkum þeim, sem getur í töluliðum 1 og 3 til 6 í ákæru, varða ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Útgáfa tékka þess, er greinir í 2. tl. ákæru, varðaði ákærða refsingu eftir 261. gr. sömu laga, er hann gaf hann út. Nú ber að refsa ákærða fyrir útgáfu þessa tékka samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda er saksóknarreglum samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga fullnægt, sbr. dóm Hæstaréttar 21. júní 1979 (Hrd. 1979, bls. 757).

Ákærði er í 7. tölulið ákæru sóttur til saka fyrir útgáfu tékka, að fjárhæð 260.000 krónur, hinn 3. maí 1975. Samkvæmt sakargögnum galt hann með tékkanum skuld við Eyrasparisjóð á Patreksfirði. Tékkann gaf hann út á ávísanareikning sinn nr. 3313—3 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi talið, að innstæða væri til fyrir tékkanum á útgáfudegi, þar eð hann hafi, áður en hann hélt frá Reykjavík vestur á land, gengið frá láni úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, er greiða skyldi inn á ofangreindan ávísanareikning sinn á útgáfudegi tékkans. Framburður ákærða fær stoð í yfirlýsingu Búnaðarbanka Íslands 23. júní 1976, þar sem segir svo m. a.: „Búið var við, að andvirði lánsins yrði lagt inn á viðskiptareikning hans 3313—3 dagana 3.—5. maí [1975], og í trausti þess gaf Björn út ávísun að fjárhæð 260.000 krónur til Eyrasparisjóðs, er hann var staddur á Patreksfirði. Nú tókst svo illa til, að afgreiðsla lánsins tafðist nokkra daga, og var Birni ekki kunnugt um það, og var það ekki lagt inn fyrr en 9. maí . . .“. Samkvæmt reikningsyfirliti Búnaðarbankans, sem er meðal rannsóknargagna, var lánsfjárhæðin eigi færð ákærða til tekna á ávísanareikningi hans fyrr en 12. maí 1975, en framangreindur tékki var bókfærður hjá bankanum föstudaginn 9. maí.

Að svo vöxnu er hugrænum skilyrðum eigi fullnægt til að refsa ákærða samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, og verður honum þá eigi heldur refsað samkvæmt lögum nr. 35/1977. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds eftir þessum lið ákæru.

Pykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, eins og atvikum er háttað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða,

Björns Jónatans Emilssonar, og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 18. október 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 9. febrúar 1976, „á hendur Birni Jónatan Emilssyni, tæknifræðingi, Kársnesbraut 59 í Kópavogi, fæddum 28. maí 1934 á Eskifirði, fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framið í Reykjavík, nema annars sé getið, á tíma-bílinu mars — maí 1975, með því að gefa út til handhafa, nema þar sem annars er getið, eftirtalda sjö tékka á sparisjóðsávísanareikning sinn nr. 16245 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, Reykjavík, og á ávísanareikning sinn nr. 3313—3 við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú, og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim.

Á sparisjóðsávísanareikning nr. 16245:

1. B Nr. 229379, kr. 1.000.00, dagsettur 15. mars. Greiðsla fyrir veitingar í Klúbbnum.
2. B Nr. 229384, kr. 8.420.00, dagsettur 18. mars. Greiðsla á skuld til framseljanda tékkans, Karlakórsins Fóstbræðra.
3. B Nr. 229387, kr. 1.000.00, dagsettur 19. mars. Tékkann, sem framseldur er af Karli S. Karlssyni, notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum.
4. B Nr. 229389, kr. 1.500.00, dagsettur 20. mars. Tékkann, sem framseldur er af Sigurbór Ísleikssyni og Matstofu Austurbæjar, notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum.
5. B Nr. 229390, kr. 3.000.00, dagsettur 20. mars. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.
6. B Nr. 229393, kr. 83.161.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 21. mars. Staðgreiðsla fyrir gjaldeyri.

Á ávísanareikning nr. 3313—3:

7. L Nr. 223764, kr. 260.000.00, til Eyrasparisjóðs, Patreksfirði, dagsettur 3. maí. Greiðsla á víxilskuld.

Atferli ákærða, sem greinir í 1. lið og 3.—6. lið, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli ákærða, sem í 2. og 7. lið greinir, telst varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.“

Málavextir eru samkvæmt framburði ákærða svo og öðrum gögnum málsins þeir, að ákærði hafði ávísanareikninga, annan við Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibú, nr. 3313—3, og hinn við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, nr. 16245.

Með bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 27. maí 1975, var ákærði kærður fyrir útgáfu og notkun tékka þeirra, er í ákæruskjali frá greinir, en við framvísun í greiðslubönkum reyndust innstæður ekki nægar til greiðslu þeirra.

Tékkum þessum er nánar lýst í ákæruskjali, réttilega er varðar eyðublaðanúmer, dagsetningar og útgáfudag. Þá er þar einnig lýst nánar notkun hvers tékka, og er sú lýsing í samræmi við það, sem fram hefur komið við rannsókn málsins.

Ákærði gaf skýrslu um kæruatriði máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi hinn 12. nóvember 1975. Viðurkenndi hann þá að hafa gefið út og komið í umferð fyrrgreindum tékkum. Hann kvaðst hins vegar hafa ætlað, að innstæða mundi næg til greiðslu tékkanna, annars vegar vegna þess, að hann hefði ekki fylgst nægilega vel með innstæðu á reikningunum, og hins vegar vegna þess, að hann hefði búist við, að lán yrði lagt inn á annan reikninginn.

Ákærði kom fyrir sakadóm þann 1. og 24. júní 1976, en í síðara réttarhaldinu lagði hann fram bréf Búnaðarbanka Íslands, dagsett 23. júní 1976, svohljóðandi:

„Hinn 9. maí 1975 var Birni Emilssyni, Fífustöðum, Ketildalahreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, veitt lán að fjárhæð kr. 600.000 vegna kaupa á jörðinni Fífustöðum.

Nokkrum dögum áður var Björn á förum vestur og hafði þá gengið frá öllu varðandi lántökuna og undirritað lánsskjöl.

Búist var við, að andvirði lánsins yrði lagt inn á viðskiptareikning hans, 3313—3, dagana 3.—5. maí, og í trausti þess gaf Björn út ávísun að fjárhæð 260.000 krónur til Eyrasparisjóðs, er hann var staddur á Patreksfirði.

Nú tókst svo illa til, að afgreiðsla lánsins tafðist nokkra daga, og var Birni ekki kunnugt um það, og var það ekki lagt inn fyrr en 9. maí, eins og áður segir.“

Þar sem ákærði taldi sig ekki eiga sök á innstæðuleysinu, óskaði hann eftir því, að málið yrði sent ríkkssaksóknara til fyrir-sagnar að nýju, og var það gert með bréfi, dagsettu 1. júlí 1976. Svarbréf ríkissaksóknara er dagsett 10. ágúst 1976, og eru með því ítrekaðar fyrri kröfur.

Eftir ítrekaðar boðanir mætti ákærði í sakadóm Kópavogs þann 30. desember 1977.

Kvaðst hann þá hafa verið erlendis í u. þ. b. 6 mánuði og því hafi hann ekki getað mætt fyrr. Viðurkenndi ákærði þá fyrir dómi að hafa útfyllt og undirritað tékka þá, sem hér um ræðir, og einnig að hafa komið þeim í umferð án þess að taka vara fyrir innstæðuleysi þeirra.

Hins vegar taldi ákærði sig ekki hafa vitað annað en innstæða hafi verið næg á reikningunum til greiðslu tékkanna.

Kvaðst hann hafa beðið Sigmund Helgason, starfsmann Breið-holts h/f, að leggja inn á ávísanareikning nr. 16245 við Múla-útibú Landsbanka Íslands, og í trausti þess, að svo yrði gert, gaf ákærði út tékka nr. 229393, sbr. 6. tl. ákæruskjals. Vitnið Sigmundur Helgason kom fyrir dóm þann 5. apríl sl. Staðfesti vitnið, að það hefði oft lagt inn á reikning ákærða, en vitnið taldi sig ekki muna eftir því tilviki, sem hér skiptir máli, að það hafi einmitt þá verið talað um, að vitnið legði inn á nefndan reikning.

Varðandi tékka nr. 223764 á ávísanareikning nr. 3313—3, sbr. 7. tl. ákæruskjals, telur ákærði, að hann hafi mátt treysta því, að lagt yrði inn á ávísanareikninginn, eins og bréf Búnaðarbankans beri með sér, sbr. dskj. nr. 5. Þá hefur ákærði fullyrt, að hann hafi þegar greitt allar ávísanir, sem ákæruskjal varðar.

Ákærði óskaði eftir því, að Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttar-lögmaður yrði skipaður verjandi sinn, og var það gert með bréfi, dagsettu 30. desember 1977, sbr. dskj. nr. 10.

Skilaði verjandinn skriflegri vörn í réttarhaldi þann 21. júní sl., sbr. dskj. nr. 11. Krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að kostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð, þar með talin eigin málsvarnarlaun.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og er þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur byggt varnir sínar á því, að honum hafi ekki

verið kunnugt um innstæðuleysið á ávísuðum reikningum. Hafi grandleysi hans stafað af því, að annars vegar hafi hann staðið í þeirri trú, að starfsmaður Breiðholts h/f mundi leggja inn á reikning ákærða nr. 16425, sbr. 1.—6. töluliði ákæruskjals, og hins vegar yrði lán frá Búnaðarbanka Íslands lagt inn á reikning ákærða nr. 3313—3, sbr. 7. tölulið ákæruskjals. Loforð um fyrrgreind innlegg taldi ákærði sig hafa fengið hjá starfsmanni Breiðholts h/f annars vegar og hjá starfsmanni Búnaðarbankans hins vegar, sbr. dskj. nr. 5 og framburð ákærða í réttarhaldi 13. janúar sl. Með útgáfu tékka þeirra, sem hér um ræðir, verður þó að líta svo á, að ákærði hafi sjálfur tekist á hendur þá ábyrgð gagnvart viðtakendum tékkanna, að innstæða mundi næg til greiðslu þeirra, enda gerði ákærði engan fyrirvara við viðtakendur varðandi hugsanlegt innstæðuleysi á ávísuðum reikningum.

Grandleysi ákærða varðandi innstæðuleysið nægir honum því ekki til sýknu, enda bar ákærða að ganga sérstaklega úr skugga um það, eins og á stóð, að innstæða væri fyrir hendi á ávísuðum reikningum, en slíkt hefði ákærði getað gert með einfaldri athugun, svo sem símtali við viðkomandi banka, og hefði hann með því firrt viðtakendur hættu á tjóni.

Ákærði er fæddur 28. maí 1934 á Eskifirði og hefur sætt kær-um og refsingum sem hér segir:

- 1964 6/2 Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1964 21/7 Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.
- 1964 8/10 Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.
- 1965 24/5 Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 1/8 1957.
- 1965 2/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 2/11 Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis-lögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá og með 2/11 1966.
- 1966 15/9 Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
- 1969 31/3 Kópavogi: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refs-

lagaákvæðum, sem ákært er eftir, og með vísan til 8. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 30 daga. Rétt þykir, þar sem ákærði hefur eigi áður verið sekur fundinn um auðgunarbrot svo og með hliðsjón af atvikum þeim, sem hér að framan er lýst, að fullnustu refsingar verði frestað og að niður skuli hún falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar skv. 1. mgr. 141. gr. laga 74/1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 40.000.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Jónatan Emilsson, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hafsteins Baldvinssonar, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
